

## ✉ Re: Ósk um Umsögn - deiliskipulagslýsing - Skaftafell

Búið til	14.1.2022 14:02:47
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	14.1.2022 14:02:43
Tilheyrir	📁 202112-0035 - Skaftafell - deiliskipulag - ósk um umsögn.

### Efni

Re: Ósk um Umsögn - deiliskipulagslýsing - Skaftafell

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	14.1.2022 14:02:43	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	skipulag@hornafjordur.is

### Innihald

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202112-0035 (LA).

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og skipulagsstjóra sveitarfélagsins Hornafirði, dags. 14.12.2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands á skipulagslýsingu vegna heildarendurskoðun á deiliskipulagi þjónustusvæðis í Skaftafelli samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Náttúrufræðistofnun Íslands er ekki lögbundinn umsagnaraðili um skipulagslýsingar og þar sem skipulagsútfærslur á þjónustusvæði Skaftafells eiga eftir að koma betur í ljós, þá vill Náttúrufræðistofnun á þessu stigi málsins einungis koma á framfæri eftirfarandi ábendingu.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna. Taka þarf tillit til þess við deiliskipulagsvinnu að fyrirhugaðar framkvæmdir sem eru innan marka þjóðgarðsins og heimsminjasvæðis UNESCO skerði ekki öröskuð eða lítt röskuð svæði.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0\)](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Brynja Dögg Ingólfssdóttir" <brynja@hornafjordur.is>

**To:**

**Subject:** Ósk um Umsögn - deiliskipulagslýsing - Skaftafell

**Date:** 14.12.2021 16:47:24

### Ósk um umsögn vegna lýsingar á deiliskipulagi þjónustusvæðis í Skaftafelli

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar óskar eftir umsögn um meðfylgjandi lýsingu fyrir heildarendurskoðun á deiliskipulagi þjónustusvæðis í Skaftafelli samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skaftafell er einn af mest sóttu viðkomustöðum á landinu enda rómaður fyrir náttúrufræðingum. Skaftafell er hins vegar undir töluverðu álagi og nálægt þölmörkum á helsta móttökusvæði og víða á gönguleiðum. Einnig er ljóst að fyrirliggjandi skipulag hentar ekki til uppbyggingar að óbreyttu m.a. þar sem fyrirhuguð staðsetning þjónustuhúss mun skyggja á fjallasýn til austurs og norðausturs.

Vatnajökulsþjóðgarður hefur áhuga á því að byggja upp í Skaftafelli af miklum metnaði og skipuleggja aðstöðu af virðingu fyrir þeirri einstöku náttúru og menningarsögu sem þar er. Mikilvægt er að styðja við þá upplifun sem þarna er og styrkja. Þróa þarf móttökusvæði fyrir gesti í kringum gestastofu en einnig þarf að horfa til Skaftafellssvæðisins í heild, Morsárdals, Bæjarstaðarskógar og upplandsins upp af Skaftafellsheiði - útivistarmöguleikum og göngustígum. Skaftafell á að verða einn af fyrirmyndar áfangastöðum á landinu.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með 16. desember nk. til 16. janúar 2022. Tillöguna má einnig nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) (<http://www.hornafjordur.is>) undir Skipulag í kynningu.

Þess er óskað að umsagnir við lýsinguna berist eigi síðar en 16. janúar 2022. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á skipulag@hornafjordur.is (<mailto:skipulag@hornafjordur.is>)

Kveðja

**Brynja Dögg Ingólfssdóttir**

Umhverfis- og skipulagsstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður

470 8000



*samvinna - heiðarleiki - metnaður*

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur, ásamt viðhengi, gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál og eru eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Efni hans og innihald er á ábyrgð þess starfsmanns sem sendir hann ef það tengist ekki starfsemi Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 5. Mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar.

Please note that this e-mail and its attachments is intended for the exclusive use of the person or entity to which it is addressed. Any review, disclosure, dissemination or other use of, or taking of any action in reliance upon, this information by others than the intended recipient is prohibited by law. If you are not the intended recipient, please notify the sender and delete the message.

## Viðhengi

image002.png (11 KB)

image001.png (3 KB)